

59 Reglugjörð þessi kemur í staðinn fyrir reglugjörð þá, er sýslunefnd Vestur-
13. apríl Barðastrandarsýslu samþykkti á aukafundi 16. okt. 1895.

Samþykkt á sýslufundi 13. apríl 1905.

Sig. Eggerz.

Kristófer Sturluson.

Bjarni Loptsson.

Jón Th. Johnsen.

Jón Hallgrímsson.

Þorvaldur Jakobsson.

Auglýsing

60

3. maí

um ráðstafanir til varnar gegn útbreiðslu mislinga.

Eftir tillögum landlæknis og hjeradslæknis er hjer með samkvæmt lögum 31. janúar 1896, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, skipað fyrir fyrst um sinn svo sem hjer segir:

1. Hinum almenna menntaskóla og öllum lægri skólum, bæði opinberum og þeim, er einstakir menn halda, skal lokað þegar í stað.
2. Almenn guðþjónustugjörð og allir opinberir mannfundir eru bannaðir.
3. Enginn, sem eigi hefir áður fengið mislinga, má fara nokkuð burtu úr Reykjavík eða af Seltjarnarnesi, hvorki á sjó nje landi.
4. Sje brotið á móti þessum fyrirskipunum, varðar það sektum eða fangelsi. Nánari auglýsing um sóttkvíun kemur á morgun.

Í stjórnarráði Íslands, 3. maí 1905.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

61

4. maí

Auglýsing.

Með því að mislingasótt er komin upp hjer í bænum, eru hjer með eftir tillögu landlæknis og hjeradslæknis, í sambandi við auglýsingu stjórnarráðsins dags. í gær, og samkvæmt lögum 31. janúar 1896, fyrirskipaðar fyrst um sinn þessar sóttvarnarráðsstafanir.

A. *Fyrirskipanir, sem miða til þess að hepta útbreiðslu veikinnar innan bæjar.*

1. Öllum barnaskólum, og unglingskólum, stórum og smáum er lokað.
2. Messur, almennir mannfundir, og hverskonar fjölmennar samkomur eru bannaðar.
3. Það er skylda hvers húsráðanda að leita læknis tafarlaust, ef minnstu líkur eru til þess, að mislingar sjeu komnir á heimilið.
4. Það er skylda lækna í bænum að gera hjeradslækni tafarlaust advart, ef þeir verða varir við sóttina.